

Skútustaðahreppur  
b/t Guðjón Vesteinsson  
Hlíðavegi 6  
660 Mývatn


Reykjavík, 15. nóvember 2019  
UST201910-194/A.B.  
10.04.03

**Efni: Tillaga - Deiliskipulag – Tengivirki á Hólasandi - Skútustaðahreppur**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Skútustaðahrepps er barst 18. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi undir tengivirki á Hólasandi í Skútustaðahreppi.


Í greinargerð kemur fram að Landsnet áformar að byggja nýtt 220 kV tengivirki á Hólasandi sem verður 300 m<sup>2</sup> að stærð. Bygging tengivirkis á Hólasandi er hluti af framkvæmdum við Hólasandslínu 3, sem áætlað er að liggi á milli tengivirkis á Rangárvöllum á Akureyri og fyrirhugaðs tengivirkis á Hólasandi. Einnig kemur fram að gert er ráð fyrir að efni til uppbyggingar tengivirkisins verði tekið úr efnisnámu 301-E eða öðrum opnum námum á Hólasandi.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreinda tillögu og gerir ekki athugasemdir við hana.



Axel Benediktsson  
Sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson  
Sérfræðingur